

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 6/2024

2024/EES/51/06

frá 2. febrúar 2024

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka
(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1149 frá 5. apríl 2023 um leiðréttingu á pólsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) 2022/2292 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar kröfur vegna komu sendinga af dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis og tilteknum vörum sem eru ætlaðar til manneldis inn í Sambandið ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar m.a. löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Löggjöf á þessu sviði gildir ekki gagnvart Íslandi eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra, fæður og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra, fæður og matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við lið 11bzb (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2292) í hluta 1.1 í I. kafla:

„breytt með:

- **32023 R 1149:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1149 frá 5. apríl 2023 (Stjtið. ESB L 152, 13.6.2023, bls. 1).“

2. Eftirfarandi er bætt við lið 31qz (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2292) í II. kafla:

„breytt með:

- **32023 R 1149:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1149 frá 5. apríl 2023 (Stjtið. ESB L 152, 13.6.2023, bls. 1).“

2. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 164zd (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2292) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„breytt með:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 152, 13.6.2023, bls. 1.

- **32023 R 1149:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1149 frá 5. apríl 2023 (Stjtið. ESB L 152, 13.6.2023, bls. 1).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/1149, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. febrúar 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. febrúar 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.